

Nð.

210. Frumvarp

til laga um sölu þjóðjardanna Helgustaða og hjáleigunnar Sigmundarhúsa í Helgustaðahreppi.

Flutningsmaður: Björn B. Stefánsson.

1. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að selja ábúandanum á Helgustöðum þjóðjörðina Helgustaði í Helgustaðahreppi fyrir 3500 kr., og ábúandanum á Sigmundarhúsum, sem er hjáleiga frá Helgustöðum, þá jörð fyrir 1100 kr.

2. gr.

Silfurbergsnáman í Helgustaðafjalli, sem er í óskiftri landareign þessara jarða, er undanskilin sölunni, svo og afnotarjettur lands og vatnsafls eftir þörfum til að vinna hana.

3. gr.

Ef síðar finst silfurberg á fleiri stöðum í landareignum þessara jarða, er það einnig undanskilið sölunni ásamt afnotarjetti lands, eins og áskilið er í 2. gr., til að vinna það, án alls endurgjalds til landeigandans, nema ef spjöll verða á túni, engjum eða mannvirkjum jarðanna vegna námugraftarins, þá skal bæta það eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, ef ekki fæst samkomulag um það á annan hátt.

Astæður:

Árið 1911 sóttu ábúendurnir á jörðum þessum um að fá þær keyptar samkv. lögum um sölu þjóðjarða nr. 31, 20. okt. 1905. Jarðirnar voru þá í því skyni virtar, Helgustaðir á 1499,84 kr., en Sigmundarhús á 1020 kr.

Stjórnin synjaði þá um söluna, enda hafði umboðsmaður Múlasýslu-umboðs — núverandi 1. þm. Suður-Múlasýslu — bent á það í umsögn sinni um söluna, að jarðirnar mundu vera óhæfilega lágt virtar. Auk þess hefir stjórninni, ef til vill, þótt varhugavert að selja Helgustaði vegna silfurbergsnámunnar, sem er í óskiftri landareign þessara jarða, en verður í landareign Helgustaða, ef þau skipti fara fram á jörðunum, sem ábúendurnir hafa komið sjer saman um.

Í frv. þessu er náman undanskilin, og svo tryggilega gengið frá því, að afnot hennar verði á engan hátt erfiðari nje kostnaðarsamari, þó salan fari fram. Náman getur því á engan hátt verið sölunni til fyrirstöðu.

Það sem sjerstaklega mælir með því, að sala þessara jarða verði samþykkt er:

1. Nærleggjandi jarðir, á báðar hliðar, hafa verið seldar á síðasta áratug, en að eins verið neitað um sölu á þessum jörðum, samtímis því, sem hinar hafa verið seldar.

Þetta er misrjetti, sem óviðeigandi er, að það opinbera sýni einstaklingum þjóðfjelagsins.

2. Ábúendur þessara jarða hafa gert sig sjerstaklega verðuga þess að fá býli sin keypt, með óvanalega miklum jarða- og húsabótum, eftir eignum og mannafla.